

Skýrsla formanns fyrir starfsárið 2024-2025.

FEBSEL hélt aðalfund 29. febrúar 2024. Þar var kosið til stjórnar eftir nýjum lögum sem samþykkt höfðu verið 2023. Allir aðalmenn (4 talsins) og varamenn (2 talsins) voru kosnir til tveggja ára. Stjórnarformaður er áfram kosinn til eins árs. Allir stjórnarmenn gefa kost á sér til annars starfsárs svo ekki verður kosið til stjórnar á þessum fundi.

Aðalmenn í stjórn eru: Sigríður Ólafsdóttir, gjaldkeri, Aðalbjörg Finnbogadóttir, ritari, - Stefán Bergmann og Inga Hersteinsdóttir. Varamenn eru: Sigurður Hannesson og Helgi Hjaltason. Stjórnin kemur saman að Skólbraut 5 í kaffikróknum og síðastliðið starfsár voru haldnir 9 fundir.

Mörg málefni eldri borgara hafa verið tekin fyrir á þessum fundum, Öldungaráðið, nefndarstörf í stefnumótun bæjarins í forvarnarmálum og stefnumótun um málefni eldri borgara. Samvinna við Gróttu um hreyfingu fyrir þá eldri og betri nýtingu íþróttamannvirkja. Samstarfið í LEB (Landssambandið), „Gott að eldast“ – verkefnið, „Bjartur lífstíll“ – verkefnið, launa- og skatta- og skerðingarmál aldraðra o.m.fl.

LANDSAMBANDIÐ heldur úti miklu starfi fyrir hagsmuni eldri borgara landsins. Það eru haldnir reglulegir formannafundir þar sem formenn félaga eldri borgara á öllu landinu bera saman bækur sínar um ástand mála. Á þessu ári sótti formaður 7 slíka fjarfundi ásamt því að taka þátt í 3 ráðstefnum um sérstök málefni. Landsfundur var haldinn 14.05.24. Kristbjörg Ólafsdóttir og Sigríður Ólafsdóttir sóttu hann. Málefni fundarins voru: Kjaramál, húsnæðismál, Bjartur lífstíll og Gott að eldast. **BJARTUR LÍFSTÍLL**, samvinnuverkefni LEB, ÍSÍ og Samb. ísl. sveitafélaga um að auka hreyfingu eldri borgara og gera hana aðgengilega fyrir alla. Þetta verkefni er komið á lokastig. Á **“Ísland.is”** er nú verið að safna saman upplýsingum frá öllum landshlutum og inni á þeim vef á að vera aðgengi að öllum hreyfingarmöguleikum fyrir aldraða alls staðar á landinu. **Ábyrgðarmaður** á hverjum stað passar upp á að nýjustu og réttar upplýsingar séu færðar inn á vefinn. **Okkar ábyrgðarmaður er: Baldur Pálsson.** Í framtíðinni eigum við svo öll að hafa tækifæri á að afla okkur upplýsinga á þessum miðlæga gagnagrunni **„Ísland.is“** um þá hreyfingu sem er í boði, hvar sem er. **ÞAD ER GOTT AÐ ELDAST** er þróunarverkefni um samþættingu ríkis og sveitarfélaga um sameiginlega þjónustu við eldri borgara. Hugmyndin er að heilsugæslustöðvarnar hafi á að skipa hópi fólks sem taki heildstætt á málefnum hvers og eins (persónuleg þjónusta), þar sem einstaklingurinn fær sína heilsuaðhlynningu, aðgang að sérfræðiþjónustu, sjúkráþjálfun, næringar- og hreyfingarráðgjöf, mat á heimaaðstoð og þjónustan miðuð við að hver og einn geti verið á sínu heimili sem lengst. Nokkur sveitarfélög fengu þá stöðu að þróa þetta verkefni og okkar er sagt að það gangi vel. En við hin þurfum örugglega að bíða enn í þó nokkurn tíma þar til þetta verður orðið almennt. **Ráðstefna um ÖLDUNGARÁÐIN** í landinu var haldin í haust, þéttsetinn salur en **aðeins einn fulltrúi frá**

sveitastjórnunum (örfáir mættu á Teams). Þar kom fram að staða Öldungaráða er mjög misjöfn. Þar sem hún er best eru haldnir 8 launaðir fundir á ári, árlegir upplýsingafundir með bæjarstjórn um stöðu og áætlanir byggðalagsins, málefni endalaust send til umsagnar félaga eldri borgara og þeir fengnir sem fulltrúar í nefndir bæjanna. En á flestum stöðum eru Öldungaráðin hunsuð og fáir fundir haldnir, lítið sem ekkert upplýsingaflæði milli aðila og þar af leiðandi erfitt fyrir fulltrúa ráðanna að efna það sem ætlast er til með löggjöfinni um Öldungaráðin. Því miður erum við Seltirningar í þeirra hópi. Niðurstaða ráðstefnunnar var sú að breyta þyrfti lögum, þannig að öldungaráðin væru skilgreindar sem sérstakar nefndir en ekki bara ráð eins og nú, svo meira tillit væri tekið til málaflokksins. LEB hélt ráðstefnu síðastliðið haust um **KJARAMÁL** þar sem farið var yfir stöðuna. Hún var ekki góð og í öllum málum hallaði á eldri borgara. Mikil vinna hafði verið lögð í það að reyna að hafa áhrif á stjórnámamenn, ráðamenn og verkafélög um að taka þessi réttlætismál upp fyrir eldra fólk, en ekkert gerðist. En eins og fólk veit, hefur nú ný ríkisstjórn tekið við í landinu og boða nokkrar breytingar til batnaðar. Nú er bara að sjá hverjar efndirnar verða...

FEBSEL hefur fylgst vel með öllum þessum atriðum og auk þess verið í margs konar málum hér í okkar heimabyggð.

GRÓTTA: Stjórnarmenn FEBSEL héldu fund á vormánuðum 2024 um að leitast yrði við að gera samning um hreyfingu í anda „Gott að eldast“. Gróttumenn voru mjög jákvæðir við þessu, sáu þar tækifæri á að nýta íþróttahúsið á morgnana líka. Málið fór svo í umræðufarveg, var tekið fyrir í Öldungaráði snemmsumars að okkar ósk. Gengið var svo loks frá samningum og var haldinn kynningarfundur í síðustu viku um „**FRÍSK Í GRÓTTU**“. Stöðvarþjálfun 2x í viku fyrir allt að 40 manns. Þátttakendur greiða kr. 5.500 á mánuði og bærinn gr. 4.500 með hverjum manni. Æfingar hefjast 11. mars n.k. **GÖNGUKLÚBBUR GRÓTTU** heldur áfram á föstudagsmorgnum. Sama fólk mætir alltaf og á góða samverustund yfir kaffi og bakkelsi frá **BJÖRNSBAKARÍ** en þátttaka mætti þó að vera betri. Bætt aðstaða til göngu á þeim tímum ársins sem færð og veður torvelda göngugörpum er til umræðu hjá okkur og þar kemur Gróttu sterkt inn sem lausn.

BÓKASAFN SELTJARNARNESS hefur verið í góðu samstarfi við **FEBSEL**. Haldnir voru opnir fundir um áhugaverð mál. **Ingrid Kuhlman** hélt fyrirlestur um dánaraðstoð. Mjög athyglisvert málefni sem hefur svo reyndar verið mikið til umræðu í þjóðfélaginu á árinu og náð eyrum stjórnvalda. Í lok nóvember heimsótti **Dr. Óttar Guðmundsson** ásamt eiginkonu sinni Jóhönnu Þórhallsdóttur, söngkonu sem flutti okkur brot af Númerímum og talaði Óttar um baráttuna við elli kerlingu bæði í nútíð og fortíð svo og um nýútkomna bók sína um Sigurð Breiðfjörð. Góður rómur var gerður að flutningi þeirra hjóna af fjölda félagsmanna sem þarna var saman kominn.

Heimsókn í Garðabæinn Stjórn FEBSEL fór í heimsókn til Félags eldri borgara í Garðabæ til að fá að sjá hvernig aðstaðan hjá þeim leit út. Mikið og gott starf er í bænum og þátttaka félagsmanna mikil. Aðstaðan var í einu orði sagt frábær í alla



staði. Húsnæði mjög rúmt og nýlegt og gert ráð fyrir alls konar t.d. var lítið kaffihús á svæðinu og fjöldi manns þar saman komin til að njóta samvista í björtu og notalegu

húsnæðinu. Bærinn sér um að reka húsið og starfsemina þar, bæði með launum starfsmanna og myndalegum styrk til félagsmálanna. Nú rennir stjórn FEBSEL hýru auga til **Félagsheimilisins okkar** hér á Nesinu. Ef hugsað er fyrir því áður en farið er í framkvæmdir þar, þá væri hægt að gera fína aðstöðu fyrir félagsstarfið, starfsmenn, jafnvel stjórn og fylla húsið af lífi eldri borgara alla daga. Á kvöldin og um helgar væri önnur starfsemi ráðandi í húsinu.

Helgi Hjaltason, stjórnarmaður í FEBSEL bjó til og færði Félagi eldri borgara á Seltjarnarnesi fullskapaða heimasíðu „**febseltj.is**“ sem sett var á netið í lok 2024. Þetta framtak Helga gefur félaginu mikla möguleika á að koma á framfæri málum félagsins bæði við félagsmenn og alla þá sem áhuga hafa á málefnum okkar. Nú þegar liggja frammi allar fundargerðir síðastliðinna 3-4 ára, lög FEBSEL, tenglar o.fl. Enn er verið að vinna í síðunni og eru allar uppástungur varðandi efni vel þegnar. T.d. fengum við uppástungu um daginn um að setja „Afsláttarbókina“ þarna inn og er verið að vinna í því.

Fulltrúar FEBSEL voru boðaðir til nefndarstarfa fyrir bæjarfélagið. Sigríður Ólafsdóttir sat í **forvarnarnefnd** sem fulltrúi okkar. Í forvarnarstefnu Seltjarnarnessbæjar var nú í fyrsta skipti tekið inn ákvæði varðandi eldri borgara. Ákveðið var að skipa nefnd um **stefnu bæjarins í málefnum eldri borgara**. Kristbjörg Ólafsdóttir tók sæti fyrir FEBSEL í þeirri nefnd sem hélt einn fund 22.04.24. Það var mikill hugur í fulltrúum og margar hugmyndir á lofti. Fundur var boðaður í sumar en honum aflýst. Síðasta frétt af þessu máli er að formaður nefndarinnar, Hildigunnur Gunnarsdóttir og nýráðinn forstöðumaður félagsstarfs aldraðra, Guðrún Björg Karlsdóttir ætluðu að skrifa stefnuna. Þetta var boðað á öðrum að tveimur fundum **Öldungaráðs** á starfsárinu sá fyrri var haldinn 07.06.24 og sá síðari 13.01.25. FEBSEL sendi bréf til Öldungaráðsins þennan sama dag þar sem var farið fram á að mörg mikilvæg málefni væru tekin fyrir á fundinum. Málefni sem stjórn FEBSEL telur að þurfi að ræða í Öldungaráðinu og hafa verið á málalista þess alveg síðan 2022 en aldrei komið til umræðu. Okkur var lofað á fundinum í janúar að fundur skyldi haldinn í Öldugaráði í febrúar um málefni bréfsins. Það er kominn 26. og enginn fundur boðaður enn.

Kristín Hannesdóttir, forstöðumaður félagsstarfs aldraðra lauk störfum í lok árs. Vildum við í stjórn FEBSEL nota tækifærið og þakka henni giftusamlegt starf fyrir eldri bæjarbúa og sérstaklega mikið og gott samstarf við stjórn FEBSEL. Um leið bjóðum við velkomna Guðrúnu Björgu Karlsdóttur og óskum við henni alls hins besta á komandi árum.

Seltjarnarnesi 24.02.2025,

Fyrir hönd stjórnar Félags eldri borgara Seltjarnarnesi,



Kristbjörg Ólafsdóttir, formaður.